

Nd.

482. Breytingartillaga

við brtt. á þskj. 461 [Tannlækningar].

Frá meiri hluta heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Síðasti málsliður till. orðist svo:

Nú sezt tannlæknir að á stað, þar sem tannsmiður starfar samkvæmt hér um ræddu leyfi, og fellur þá þetta leyfi úr gildi, en tannsmiðurinn skal eiga rétt á að ganga fyrir öðrum um atvinnu við tannsmiðar fyrir þann tannlækni. Veiti hann tannsmiðnum ekki kost á þeim kjörum, sem heilbrigðisstjórnin telur hæfileg, fellur leyfið ekki úr gildi.